

Íslenska: Amazon Kindle – takmörkuð evrópsk ábyrgð til eins árs

Þessa takmörkuðu ábyrgð veitir Amazon EU Sàrl, 5 Rue Plaetis, L-2338 Luxembourg, í Stórhertogadæminu Lúxemborg (Lúx. skrán.nr. B 101818, hlutafé: 37.500 €, viðskiptaheimild nr. 104408) þér sem kaupanda á Amazon Kindle-aukahlutar („varan“, „vörur“, „vörurnar“) frá Amazon EU Sàrl, vegna vörunnar. Í ábyrgðarskilmálum þessum er stundum vísað til veitanda ábyrgðarinnar sem „við“.

Sért þú neytandi eru réttindin sem þú öðlast samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð viðbót við þau réttindi og úrræði sem þér eru tryggð með neytendaverndarlögum og reglugerðum og hafa ekki áhrif á lagalegan rétt þinn.

Við ábyrgjumst vöruna gagnvart þér að því er varðar galla á efni og frágangi vegna venjulegra neytendaafnota við afhendingu og í 12 mánuði frá afhendingardegi.

Reynist varan gölluð á ábyrgðartímanum munum við biðja þig um að fara að fyrirmælum sem við látum þér í té um skil vörunnar, og munum við grípa til einnar af eftirfarandi ráðstöfunum: (i) skipta út vörunni með vöru sem er eins eða sambærileg vörunni sem þú keyptir; (ii) gera við vöruna; eða (iii) endurgreiða þér allt kaupverð vörunnar eða hluta þess. Vegna tækniþröngva og framboðs kann varan sem þú færð í staðinn að vera lítilsháttar frábrugðin og hafa lægra kaupverð en upprunalega varan sem þú keyptir.

Vörur sem skipt er eða gert við og varahlutir sem veittir eru samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð eru aðeins sendir á heimilisföng innan Evrópusambandsins og landa Fríverslunarsamtaka Evrópu þar sem varan er seld viðskiptavinum í þeim löndum. Þessi takmarkaða ábyrgð nær til hvers kyns vöru eða varahluta sem skipt er um og hvers kyns viðgerðar út upprunalegt ábyrgðartímabil eða í 90 daga frá sendingu þeirra til þín, hvort sem lengra er. Allir varahlutir og vörur sem þú skilar til okkar og við endurgreiðum þér eða skiptum verður okkar eign og þú samþykkir að hvers konar hluti þessarar ábyrgðar sem gildir enn um skiptu eða endurgreiddu vöruna framseljast einnig til okkar. Vanhöld á því að senda skemmdu vöruna aftur til okkar kunna að leiða til þess að þú verðir krafinn(n) um greiðslu fyrir vöruna sem þú færð í staðinn á fullu smásöluverði.

Þessi takmarkaða ábyrgð gildir aðeins innan Evrópusambandsins og landa Fríverslunarsamtaka Evrópu þar sem vörurnar eru seldar viðskiptavinum sem staðsettir eru í þeim löndum. Þessi takmarkaða ábyrgð nær ekki til neins galla á vörunni sem rekja má til slits eða skemmda vegna venjulegrar notkunar, óhapps, rangrar notkunar, vanrækslu þinnar eða einhvers þriðja aðila, elds eða einhverra annarra utanaðkomandi ástæðna, breytinga eða viðgerða eða notkunar í viðskiptalegum tilgangi eða á hátt sem við mælum ekki með.

Hvernig þú færð þjónustu. Til að fá leiðbeiningar um hvernig þú færð þjónustu samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð skal hafa samband við þjónustudeild okkar símleiðis eða með tölvupósti. Upplýsingar um hvernig hafa skal samband má finna með því að smella á „Hafa samband“ (Contact Us) á hjálparsíðu (Help) Amazon vefsetursins þar sem þú keyptir vöruna.

Þjónustudeildin kann að spyrja þig spurninga til að ákvarða rétt þinn samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð og hafir þú slíkan rétt færðu leiðbeiningar um hvernig endursenda skuli gölluðu vöruna. Ef við sendum þér nýja vöru í staðinn eða gerum við vöruna þína greiðum við kostnaðinn af því að senda endurnýjuðu eða viðgerðu vöruna til þín.

Skilmálar um notkun og sölu varðandi Amazon vefsetrið þar sem þú keyptir vöruna eru felldir inn í ábyrgð þessa með tilvísun, þ.m.t. en án takmörkunar ábyrgðartakmarkanirnar, val á varnarþingi og ákvæði sem varða dómsvald og lögsögu dómstóla. Skilmála um notkun og sölu má finna með því að smella á tengil neðst á hverri síðu viðeigandi Amazon vefseturs. Ef misræmi er á milli skilmála fyrir notkun og sölu og þessarar takmörkuðu ábyrgðar gildir þessi takmarkaða ábyrgð. Allar síðari breytingar á skilmálum um notkun og sölu eru sjálfkrafa færðar hér inn þegar breytingin er gerð.

Frekari takmarkanir. Að því marki sem lög leyfa berum við ekki ábyrgð á tjóni af völdum hvers kyns brota á ábyrgðarskilmálum nema annað sé tekið fram hér að neðan.

Ekkert í þessari takmörkuðu ábyrgð undanskilur eða takmarkar ábyrgð okkar á:

- (a) tapi sem eru fyrirsjáanleg afleiðing brots okkar á ábyrgðarskilmálum eða öðrum samningsskyldum;
- (b) andláti eða líkamstjóni vegna gjörða okkar eða aðgerðarleysis; og

(c) tapi vegna sviksamlegs athæfis okkar.

Ekkert í þessari takmörkuðu ábyrgð dregur úr lögboðnum rétti þínum varðandi gallaða vöru eða vöru sem er ranglega lýst. Til að fá nánari upplýsingar um lagaleg réttindi þín, hafðu samband við Neytendastofu eða Neytendasamtökin.

Þessi takmarkaða ábyrgð veitir þér tiltekinn lagalegan rétt og þú kannt að hafa önnur réttindi, sem eru breytileg milli landa.